

HÚSÖNDIN

31.tbl. 1.árg.
12. september

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 13.-19. SEPTEMBER 2018



13.9 *Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Lúðvík Ragnar Friðriksson
Ólöf Kristín Lín Örnólfsdóttir*

15.9 *Logi Arnarson*

16.9 *Nadia Hamdan Chentouf*

18.9 *Daniela Monica Sfara, Gylfi Hrafnkell Yngvason
Þórhallur Ingi Jónsson*



Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands og Skútustaðahrepps

12. september kl. 18.00

Gengið um hið stórmerka land Hofstaða með viðkomu í Hofstaðaey.
Mæting við Hofstaði. Umsjón: Egill Freysteinnsson.

ICELANDIC COURSE

Íslenska 1A- for beginners will start soon.

Place: Sel-Hotel

Taught on Fridays 13-15
and Mondays 14-16

You can sign up via email: ditta@hac.is

Price: 21.000 kr.

Teacher: Sólveig Jónsdóttir



Bekkingarnet
Þingeyinga

ICELANDIC COURSE

Íslenska 2A- for those who have finished 1A
will start soon.

Place: Sel-Hotel

Taught on Fridays 15-17
and Sundays 14-16

You can sign up via email: ditta@hac.is

Price: 21.000 kr.

Teacher: Sólveig Jónsdóttir



Bekkingarnet
Þingeyinga

Kæru Mývetningar!


Nú er sumarið að enda og veturinn nálgast. Umferðin um sveitina okkar er að hægjast og tími til komin að hreinsa í kringum okkur svo við getum notið litasinfóníu haustsins sem best og tekið fagnandi á móti því sem veturinn veitir okkur.

Fjöregg vill hvetja ykkur til að hreinsa upp rusl og taka til í kringum húsið ykkur, gripahús og skemmur, fyrirtækið, götuna ykkar, landareign, meðfram vegum og nánasta umhverfi eða hvar sem þið eigið leið um.

Grípið með ykkur ruslapoka, gangið um göturnar og fegrið umhverfið ykkar. Fólk er hvatt til að hópa sig saman og / eða fara bara sjálft. Þetta gæti verið tilvalin fjölskyldugönguferð. Ungur nemur, gamall temur. Við hvetjum einnig fyrirtæki og byggingaverktaka til að taka þátt!

Mínum á að gámavöllurinn er opinn miðvikudaga 15-16 og laugardaga 10:00-12:00.

Síðsumarkveðja. Stjórn Fjöreggs.



Fjöregg

Dear residents of Mývatn,

Summer is ending and the colorful autumn is here. It's a time to be part of our community and help us keep our beautiful area clean. Everybody is encouraged to pick up garbage in their nearest surroundings whether it's your home or workplace.

Autumn greetings,

Fjöregg - The Mývatn Environment Organization





Kynning á byggingaráformum í Klappahrauni – Nú er tækifærið!



Fimmtudaginn 13. september milli klukkan 19:00 og 21:00 verður opið hús á hreppskrifstofunni, Hlíðavegi 6 þar sem áform um byggingu íbúðarhúsnæðis í Klappahrauni verða kynnt. Fyrirhugað er að reisa raðhús í Klappahrauni með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum sem áætlað er að verði tilbúnar til afhendingar næstkomandi sumar. Kynntar verða teikningar af húsunum ásamt verðhugmyndum. Áhugasamir eru hvattir til að mæta og kynna sér málið, allir velkomnir. Spennandi tækifæri að eignast nýtt húsnæði á hagstæðu verði.

Skipulagsfulltrúi og fulltrúi Húsheildar verða á staðnum og svara spurningum.



Stundatafla íþróttahúss vetrurinn 2018-2019

Opnunartími ÍMS er mán - fim frá kl. 9:00-20:00 og lau frá kl.10:00-16:00. Opnunartími fyrir lykilkorthafa er 05:30-24:00 alla daga.

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Kl.	Laugardagur
09:25-10:05	Leikskóli	Leikskóli	Leikskóli	Leikskóli	10:00-11:00	Cross-training
10:10-10:50	Íþróttir eldri borgara		Skóli	Skóli	11:00-12:30	Blak opinn tími
11:05-11:45	Skóli	Skóli	Skóli	Skóli	12:30-13:00	Fótbolti fullorðnir
11:50-12:30	Skóli	Skóli	Íþróttir eldri borgara	Skóli	13:00-14:00	opinn tími
13:00-13:40	Skóli	Skóli	Skóli		14:00-15:00	
13:45-14:25	Íþróttaskóli 1.-4.b		Íþróttaskóli 1.-4.b	FRÍSTUND 13:40-15:00 1.-7.b	15:00-15:45	Krakkatími
14:30-15:10						
15:10-16:00		Fótbolti yngri Til kl.16:30		Fótbolti yngri Til kl.16:30		
16:00-17:00						
17:00-18:00		Cross-training 17:15 - 18:30		Cross-training 17:15 - 18:30		
18:00-18:30						
18:30-19:00	Fótbolti fullorðnir 18:30-20:00 opinn tími	Blak lokað KvK	Fótbolti fullorðnir 18:30-20:00 opinn tími	Blak lokað KvK		
19:00-20:00						



Fótboltaæfingar Mývetnings hefjast þriðjudaginn 25. september og **eru iðkendum félagsins að kostnaðarlausu**. Jóhanna Jóna sér um íþróttaskólann og Anna Dagbjört sér um frístundina en þessir tímar eru innan skólatíma barnanna. Jón Friðriksson (Nonni) mun hjálfa fótboltann. Stefnt er á að skíðaæfingar hefjist seinna í vetur. Krakkatímar á laugardögum verða með sama sniði og áður og verða í boði Mývetnings. Cross-training er námskeið í umsjá Ragnhild Vedum og verður út október. Æfingataflan mun taka breytingum um mánaðarmótin okt - nóv.